

## Námsmat GF

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs sumarið 2013

Verkefnisstjóri: Líneik Anna Sævarsdóttir

Verkefni no. 54 2012-2013



**Lokaskýrsla til Sprotasjóðs****Nafn skóla:** Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar**Nafn verkefnisins:** Námsmat GF**Nafn verkefnisstjóra:** Líneik Anna Sævarsdóttir**Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:** Verkefni no. 54 2012-2013**Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

Að endurskoða og þróa námsmat GF. Þessi vinna er liður í endurskoðun skólanámskrár GF og þróun nýrrar vefsíðu skólans þannig að hún miðli skólanámskrá og starfsáætlun á aðgengilegan hátt, í samræmi við nýja Aðalnámskrá.

**Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:**

Skólastjóri stýrði verkefninu og með henni í verkefnisstjórn voru Íris Valsdóttir verkefnisstjóri sérkennslu og Eygló Aðalsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Framkvæmdin fólst í því að haldin voru námskeið og vinnufundir.

- Erna Ingibjörg Pálsdóttir hafði umsjón með námskeiði og vinnufundi 18.-19. október, þar var fjallað um *fjölbreyttar leiðir í námsmati og framsetningu námsmats*.
- Bókina *Fjölbreyttar leiðir í námsmati* eftir Ernu Ingibjörgu Pálsdóttur var keypt fyrir alla kennara þannig að hver og einn hefði hana sem handbók á sínu vinnuborði.
- Bryndís Böðvarsdóttir hjá Mentor var með námskeiðið *Ný aðalnámskrá nýjar áherslur í janúar* – jafnframt var farið yfir möguleika Mentor við framsetningu áætlana, tengingu við námsmat og birtingu námsmats.
- Auk kennara við GF sóttu nokkrir kennarar frá Grunnskóla Stöðvarfjarðar þessi námskeið og samráð var við Grunnskóla Reyðarfjarðar um námskeiðið í janúar.
- Haldnir voru 4 sérstakir vinnufundir um námsmat og nýja námskrá, auk þess sem vinnan við námsmat var rædd reglulega á kennarafundum.
- Einstakir kennarar unnu viðmið fyrir námsmat og matslista í sínum kennslugreinum.
- Einn kennari vann verkefni í sínu mastersnámi tengt námsmati í verklegum greinum.

**Frávik miðað við áætlun verkefnisins:**

Minna var unnið við þróun námsmatskvarða og viðmiða en áætlað var. Þó unnu margir kennarar eyðublöð með viðmiðum fyrir einstakar námsgreinar.

**Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:**

Nýjar námskrár í einstökum námsgreinum komu ekki út fyrr en í apríl – tíminn sem eftir var af skólaárinu var nýttur til að lesa námskrárnar en ekki gafst tími til að vinna við þróun matskvarða og viðmiða í samræmi við nýjar námskrár eins og til stóð.

Misvísandi skilaboð um framkvæmd námsmats samkvæmt nýrri námskrá valda ákveðnum vanda þ.e. upplýsingar frá ráðuneyti, einstökum sérfræðingum og þeim sem þjónusta skólana ber ekki alltaf saman. Þetta á t.d. við um hvort matskvarðinn verði í bókstöfum og hvort lykilhæfni verði metin í öllum greinum, í einni einkunn eða eftir námssviðum.

**Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið:**

Færni kennara í námsmati jókst og þekking á nýrri aðalnámskrá og námsmati. Kennarar eru meðvitaðri um námsmat samkvæmt nýrri námskrá og unnið hefur verið með ýmis hugtök úr nýrri námskrá s.s. lykilhæfni og grunnþætti menntunar.

**Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

Verkefnið skilaði umtalsverðri þekkingu inn í skólann og hafði áhrif á vinnu einstakra kennara við námsmat og áætlanagerð bæði á liðnu skólaári og til framtíðar. Verkefnið leiddi hins vegar ekki til breytinga á framsetningu á námsmati skólans.

**Niðurstöður verkefnisins:**

Megin markmið verkefnisins náðust þó það sé eins með þetta verkefni og mörg önnur að vonir stóðu til þess að komast enn lengra í vinnunni.

Helstu niðurstöður voru:

- Ákveðið var að fara ekki í breytingar á framsetningu námsmats við skólann að svo stöddu, enda samrýmist framsetning námsmats vel nýrri aðalnámskrá. Við GF er lögð áhersla fjölbreytt mat og notkun á lýsandi umsögnum. Þá er sjálfsmat nemenda notað til að efla ábyrgð á námi og auka meðvitund nemenda við mat á eigin námi.
- Það þarf að halda áfram með þróun á framsetningu námsmats við lok 10. bekkjar og mat á lykilhæfni.
- Kennarar eiga eyðublöð sem nýtast þeim við námsmat og áætlanagerð.
- Í vinnu með lykilhæfni kom fram sú skoðun að óþarft væri að gefa út einkunn fyrir lykilhæfni í hverri grein, eðlilegra væri að gefa einkunn fyrir lykilhæfni á námssviðum.
- Í vinnu með lykilhæfni veltu kennarar fyrir sér hvort hún yrði einungis metin við lok grunnskóla eða hvort hentaði hugsanlega að meta hana þegar nemendur flytjast milli samkennsluhópa (stiga) í GF þ.e. við lok Yngsta stigs, Miðstigs og svo við útskrift úr grunnskóla.
- Prófað var að setja upp eyðublað fyrir leiðsagnarmat í list- og verkgreinum í Mentor. Þegar til átti að taka hurfu kennarar frá því að nota það form en notuðu vinnuna og hugtökin sem búið var að setja upp sem viðmið þegar þeir skrifuðu umsagnir í list- og verkgreinum.
- Kennurum finnst framsetning og tenging áætlana við námsmat í Mentor vera of flókin.
- Verkefnið heldur áfram í vinnu við innleiðingu aðalnámskrár, og ákveðið er að halda sérstaklega áfram með þróun námsmats við lok í 10. bekkjar og mat á lykilhæfni næsta vetur. Þá munu kennarar halda áfram vinnu með viðmið og matskvarða.


**Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Afrakstur verkefnisins birtist í starfi skólans og eyðublöðum sem einstakir kennarar eru að nota. Þessi skýrsla verður birt á vef skólans og niðurstaðan birtist í skólanámskrá á vef skólans eftir því sem við á. Ekki eru áætlanir um að birta afrakstur verkefnisins á annan hátt.


**Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um**

Styrkurinn skipti sköpum varðandi möguleika á að fá utan að komandi sérfræðinga með fræðslu inn í skólann og til að stýra umræðum. Námskeiðin og þar með styrkurinn úr Sprotasjóði nýttist fleiri skólum í Fjarðabyggð gegnum þátttöku og samvinnu um námskeið.

Dagsetning: 31. júlí 2013



Undirskrift verkefnisstjóra



Undirskrift skólustjóra ábyrgðarskóla